

niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts, notkun vatns úr bæjarvatnsveitunni, meðferð á vatnsæðum o. fl., frá 23. maí 1917.

9  
21. febr.

Reglugjörð þessi sem bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 83, 22. nóv. 1907 staðfestist hjer með til að öðlast gildi 1. apríl 1920.

**Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 21. febr. 1920.**

**Sigurður Jónsson.**

*Oddur Hermannsson.*

# Samþykkt

10  
10. mars

**um þyngd bakarabrauða í Hafnarfirði.**

1. gr.

Samkvæmt heimild þeirri, sem gefin er í lögum 16. mars 1917, um þyngd bakarabrauða, hefir bæjarstjórnin í Hafnarfirði ákveðið, að þyngd bakarabrauða í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar skuli vera sem hjer segir:

1. Rúgbrauð, heil .....	3000 grömm
2. — hálf .....	1500 —
3. Franskbrauð, heil, .....	500 —
4. — hálf .....	250 —
5. Sigtibrauð, heil .....	500 —
6. — hálf .....	250 —
7. Súrbrauð heil .....	500 —
8. — hálf .....	250 —
9. Landbrauð, heil .....	500 —
10. — hálf .....	250 —
11. Normalbrauð og hálsigtirúgbrauð, heil .....	2500 —
12. — — hálf .....	1250 —
13. Hveitihleifar .....	1500 —

2. gr.

Óheimilt er að selja brauð, sem hafa aðra þyngd en þá, sem ákveðin er í 1. gr., er þau eru vegin nýbökuð, en þó kólnuð svo, að vel megi handleika þau berum höndum. — Mega brauðin eigi hafa meira vatn í sjer, er þau eru vegin, en 38% —

**10** Þó skal það eigi teljast brot, þótt einstök brauð sjeu 4<sup>0</sup>/<sub>0</sub> ljettari, en ákveðið er, en 10. mars á þyngd 20 brauða má mismunurinn aðeins vera 1<sup>0</sup>/<sub>0</sub>.

3. gr.

Bröt gegn samþykkt þessari varða sektum, 25—500 kr., er renni í bæjarsjóð Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Með mál út af brötum gegn samþykkt þessari, skal farið sem opinber lögreglumál.

4. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað.

Samþykkt þessi, sem gjörð er af bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar samkvæmt lögum 16. mars 1917 um þyngd bakarabrauða, staðfestist hjér með!

**Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 10. mars 1920.**

**Pjetur Jónsson.**

*Oddur Hermannsson.*

**11**  
26. mars

# Reglur

**um kosningu borgarstjóra í Reykjavík.**

1. gr.

Þegar kjósa á borgarstjóra skal auglýsa stöðuna í lögbirtingablaðinu og dagblöðunum í Reykjavík og tiltaka framboðsfrest í auglýsingunni. Framboð skulu komin til kjörstjórnar minst 14 dögum áður en kosning á fram að fara og framboðsfrestur skal eigi vera skemri en mánuður,

Regluleg borgarstjóraskifti verða 1. júlí 6. hvert ár og skal kosning þá fara fram í janúarmánuði það ár að afstaðinni bæjarstjórnarkosningu, en framboðsfrestur vera til 15 desember árið áður.

2. gr.

Kosningin er leynileg. Kosningarrjett eiga allir hinir sömu — konur og karlar — sem kosningarrjett hafa til bæjarstjórnar.

3. gr.

Kjörstjórn skal skipuð forseta bæjarstjórnar og 2 bæjarfulltrúum, sem bæjarstjórnin